

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listaverkasjóð Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Listaverkasjóður Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofneign sjóðsins var að matsverði kr. 350.000.000 –krónur þrjúhundruðogfimmtíumilljónir- við stofnun hans og er bundin í rúmlega 1.400 listaverkum. Listaverkin eru gjöf Ingibjargar Guðmundsdóttur til sjóðsins.

Stofneign sjóðsins skal halda óskertu raungildi, sbr. þó ákvæði 7. gr.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að varðveita þau listaverk sem eru í eigu sjóðsins og stuðla að því að sem flestir geti notið þeirrar listar sem í verkunum er falin.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð þremur mönnum skipuðum til tveggja ára í senn.

Sameiginlegir erfingjar Þorvaldar Guðmundssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur, þau Geirlaug Þorvaldsdóttir, Skúli Þorvaldsson og Katrín Þorvaldsdóttir, skulu tilnefna stjórnarmenn sjóðsins og er hverju þeirra heimilt að tilnefna einn stjórnarmann.

Geirlaugu, Skúla og Katrínu skal vera heimilt að framselja rétt sinn til tilnefningar stjórnarmanna með skriflegri yfirlýsingu þar að lútandi hvort sem er tímabundið eða varanlega. Verði rétturinn framseldur fyrir andlát, skal það fyrirkomulag gilda eftir andlát viðkomandi og sá aðili sem rétturinn var framseldur til annast tilnefningu stjórnarmanns frá andláti tilnefnanda. Framselji Geirlaug, Skúli eða Katrín ekki þennan rétt fyrir andlát sitt skal réttur þeirra til tilnefningar stjórnarmanna flytjast til niðja þeirra og að þeim gengnum til lögerfingja skv. ákvæðum erfðalaga.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Stjórnin metur hvort þörf er fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns og annast um ráðningu hans ef þörf er á slíkum starfsmanni.

7. gr.

Rekstur sjóðsins skal vera fjármagnaður með frjálsum framlögum til sjóðsins og með leigu eða sölu eigna hans eftir þörfum. Óheimilt er með öllu að selja eigur sjóðsins nema í þeim tilvikum er slíkt er nauðsynlegt til að tryggja fullnægjandi varðveislu eigna sjóðsins, koma í veg fyrir tjón á eignum hans.

Verði hagnaður af rekstri sjóðsins er heimilt að ráðstafa honum í þágu menningar og lista. Ekki skal ráðstafa hagnaði af rekstri sjóðsins skv. framangreindu nema með fullu samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins.

Stjórn sjóðsins, enda liggja fyrir einróma samþykki stjórnarinnar og þeirra aðila sem fara með tilnefningarrétt til stjórnar, er heimilt að fela þriðja aðila vörslu og umsjá verka sjóðsins til skemmri eða lengri tíma. Skilyrði vörslusamnings er að um viðurkennt listasafn eða sambærilegan opinberan

aðila sé að ræða sem mun annast tryggja vörslu verkanna, sem eru í eigu sjóðsins, annast skráningu verkanna, kynningu þeirra og reglubundna sýningu.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir Ríkisendurskoðun í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu vera samþykktar af þeim aðilum sem rétt hafa til tilnefningar stjórnarmanna sjóðsins skv. 2. mgr. 5. gr. skipulagsskrár þessarar.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu allar eigur hans renna til Háskólans í Reykjavík, sbr. þó ákvæði 2. mgr.

Skilyrði þess að eigur sjóðsins renni til Háskólans í Reykjavík er að skólinn haldist í einkaeigu. Verði sú breyting að Háskólinn í Reykjavík komist í eigu ríkis eða sveitarfélags skal stjórn sjóðsins tilnefna annan eða aðra aðila er eignir sjóðsins skulu renna til verði sjóðurinn lagður niður. Tilnefning stjórnarinnar í slíku tilviki skal að öllu leyti taka mið af 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af sýslumanninum á Norðurlandi vestra samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Við staðfestingu á skipulagsskrá þessari fellur úr gildi eldri skipulagsskrá nr. 18/2004.

12. gr.

Framangreint er staðfest af tilnefningaraðilum sjóðsins skv. 2. mgr. 5. gr. skipulagsskrár þessarar, sbr. 9. gr., þeim Geirlaugu Þorvaldsdóttur, Katrínu Þorvaldsdóttur og Skúla Þorvaldssyni, þann 21. desember 2021.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 21. janúar 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.